

# Þjóðsögur: Þá hló marbendill

## Til kennara

### Sagan af Ullarvindli

**Kennarinn:** Nú fáid þið skýringu á orðasambandinu að „leggja orð í belg“. Þið hlustið á söguna og svarið síðan eftirfarandi spurningu: „Hvers vegna tók konungurinn ekki hart á drottningunni fyrir „hliðarsporið“?“

Að loknum lestri mætti byrja á að ræða um kónginn og framkomu hans. Hann er latur leggst lágt til að fá verkfæri sem vinnur fyrir hann. En hann er skynsamur og viðurkennir fyrir sjálfum sér að „glæpur“ drottningarinnar og dótturinnar er sambærilegur við sneypu hans sjálfs. Þess vegna tók hann ekki hart á málinu. Honum er í mun að halda leyndu því sem gerðist í skóginum og játar sig því sigraðan. Og hann sýnir persónustyrk sinn með því að standa við loforð sitt um orðabelginn. Einnig áttar hann sig á að Ullarvindill er mannkostamaður.

Ullarvindill sýnir fádæma kænsku. Þetta er saga um það hvað hugvitið getur komið mönnum langt. Í „Örfáum minnisatriðum“ er vakin athygli á því að hér er það hugvitið, ekki töfrarnir, sem bjarga hetjunni. Í þessu liggur einmitt munurinn á kímilegum ævintýrum og töfraævintýrum.

### Örfá minnisatriði

Þessi saga er flokkuð sem kímilegt ævintýri hjá Jóni Árnasyni. Slíkar sögur segja frá ýmsum brögðum sem kotungar hafa beitt við kóngafólk. Þannig er hæðst að þeim sem æðri eru; alþýðan fær tækifæri til að upphefja sig en gera lítið úr þeim sem hafa völdin og þykjast yfir aðra hafnir.

Við veitum því eftirtekt að ekkert er yfirnáttúrlegt við þessar sögur, engin töfrabrögð, hamskipti eða slíkt en hugvit og slægviska í algleymingi. Nálin, skærin og öxin virðast alls ekki vera frábrugðin því sem venjulegt er; Ullarvindill telur fólkinu einungis trú um að svo sé en það er ekki sannprófað. Það vantar semsagt töfrana (og töfragripina) í þessa sögu, eitt helsta einkenni töfraævintýranna. En eins og þau endar hún vel: karlsson eignast kóngsdótturina og hálftríkið. Og eins og í fjölmörgum ævintýrum þarf hetjan að leysa ‘óleysanlega’ þraut.

Hluti af kímni þessarar sögu liggur í því að kóngafólkið virðist ganga í öll venjuleg verk svo sem saumaskap og skógarhögg.

Það er algengt að feður vilji ekki að dætur þeirra giftist. Þannig má segja að þeir gerist sekir um að standa í vegi fyrir eðlilegum framgangi lífsins. Í þessu tilviki vill konungur halda dótturinni í föðurhúsum (og hafa þannig vald yfir henni) með því að leggja óleysanlega þraut fyrir væntanlega biðla. Í töfraævintýrum má kynast öðrum aðferðum sem eiga að gera sama gagn, sbr. það þegar feðurnir láta byggja rammgerðar meyjaskemmur eða turna þar sem dæturnar eru innilokaðar með þernum sínum.

### Orðskýringar

*obbalega:* ofboðslega

*láta e-ð orðfleytt:* láta þau boð út ganga

*hvörnir:* hvernig

*otunareyrir:* varningur sem er sérstaklega falur (til sölu)

Gaman er að rýna í orð eins og *otunareyrir* sem birtist tvisvar við hliðstæðar aðstæður. „Mér er enginn otunareyrir í skærunum“: Þetta mætti orða svona: „Mér er ekkert kappsmál að koma skærunum í verð“ (sennilega er skyldleiki við sögnina að *ota*: ota einhverjuu að einhverjum í því augnamiði að frá eitthvað borgað fyrir það).

*borðun*: það að borða

*en strákurinn mundi þar hjá vera óheimskur*: strákurinn mundi aftur á móti vera óheimskur

*eignaðist dóttir kóngsins*. Í hvaða falli stendur *dóttir*? Er beyging orðsins samkvæmt reglum? Flettið upp í orðabók.

**Svar:** Hér ætti samkvæmt stafsetningarreglum að standa „dóttur“ (orðið er í þolfalli; dóttir **um dóttur** frá dóttur til dóttur). Stafsetning af þessu tagi segir okkur að beygingin hefur verið á reiki í máli fólks.

## Stílfraeðilegt atriði

Endurtekningin er áberandi stílbragð í þessari sögu. Bendið á nokkur atriði því til staðfestingar.

**Svar:** Hér nægir að nefna hliðstæð endurtekin atriði þegar Ullarvindill fer með skærin, nálina og öxina á fund kóngafólksins.

## Umræða

1. *Kerling brosir að syni sínum og fær honum þetta*. Hvaða álit hafði móðirin á syni sínum? Mætti líta á þetta í víðara samhengi og velta fyrir sér álit foreldra á börnum sínum?

**Svar:** Það er eins og kerlingin hafi ekki mikla trú á syninum. Hún brosir að tiltæki hans. Hugsanlega er einmitt algengt að foreldrum finnist börn sín frekar einfeldningsleg í tiltektum sínum lengi framan af.

2. Hvað eiga kóngsdóttir og drottning við með orðunum *ekki seint og illa*?

**Svar:** Hugsanlega eiga þær við að þær vilji ekki að verkið gangi seint og illa heldur fljótt og vel (ef þær fá réttu verkfærin). Þær eru greinilega klaufskar og þær vita það sjálfar. En „töfranálin“ og „töfraskærin“ bjarga þessu!

3. Rifjið upp ævintýri þar sem kóngarnir reyna að koma í veg fyrir giftingu dætra sinna. Hvaða aðferðum beita þeir gjarnan?

**Svar:** Fjölmörg ævintýri greina frá meyjaskemmum sem kóngar láta gera; þar eru dæturnar innilokaðar og engir karlar fá að fara þar inn.

4. Að hvaða leyti eru kóngsdóttirin og móðir hennar ólíkar heiðvirðum prinsessum og drottningum?

**Svar:** Þær mæðgur leggjast hjá karlssyni í laumi. Það vekur líka athygli að gær ganga í venjuleg störf (saumaskap).

5. Ræðið klókindi, t.d. í viðskiptum, út frá þessari sögu og veltið fyrir ykkur hvað megi ganga langt í þeim efnum. Höfum í huga að hér er það sá fátæki sem kúgar hinn ríka.

**Svar:** Stundum er talað um fjárkúgun þegar einn aðili kúgar annan til að greiða sér fé til að hindra að óþægilegar upplýsingar verði gerðar opinberar. Slíkt getur ekki talist heiðarlegur viðskiptamáti.

## Munnlegur flutningur

Þessi saga er tilvalin til munnlegs flutnings í bekk. Hlutverkin eru allmörg. Sögumenn mættu vera fleiri en einn. Hér er mikilvægt að æfa flutninginn vel, ekki síst beinu ræðuna.

## Efnisspurningar

1. Hvað gerði kóngur til að fyrirbyggja að dóttir hans mundi giftast?
2. Hvaða orð notar drottningin um Ullarvindil?
3. Hvenær var orðabelgurinn fullur?
4. Hvers vegna refsaði kóngur ekki mæðgunum fyrir að sofa hjá Ullarvindli?

## Svör

1. Kóngurinn lét þau boð út ganga að hann gæfi engum manni dóttur sína nema hann gæti fyllt belg af orðum.
2. Hún notar orðin „veslings kindin“ og „óhræsið þitt“.
3. Orðabelgurinn er fullur þegar Ullarvindill ætlar að fara að segja að kóngurinn hafi kysst hann á rassinn.
4. Hann vissi að hann hafði sjálfur lagst lágt í samskiptum við Ullarvindil: hann væri svo sem ekkert betri en þær mæðgur.

## Hugleiðing

Lýsið hugsunum kónsins þegar hann ákveður að taka ekki hart á mæðgunum fyrir lauslætið.

## Helga karlsdóttir

---

**Kennarinn:** Þið hlustið á þessa sögu og svarið síðan eftirfarandi spurningu: „Að hvað leyti á þetta ævintýri erindi við okkur?“

Að loknum lestri mætti byrja á að nefna *alinn* og orð móðurinnar. Sú frásögn undirstrikar illan grun móðurinnar um föður stúlkunnar og sýnir hve samstaða mæðgna (og kvenna almennt) er mikilvæg þegar kemur að samskiptum við hitt kynið og fjölskylduharmleikjum sem orðið hafa. – Þá er ástæða til að ræða illa framkomu Herrauðs við Helgu: Hann fer frá henni óléttri og leitar á önnur mið. Allt þetta þekkjum við úr nútímanum. Hér er framkoma Herrauðs skýrð með því að flagðið hafi beitt hann göldrum. Á slíkt má líta táknrænt. Hún hefur beitt kvenlegum töfrum, en síðan hefur hann séð að „oft er flagð undir fögru skinni“. Hann kemst að því að Helga er „sú eina rétta“.

Þessi saga kennir okkur hve mikilvægt getur reynst að vera snöggur að hugsa þegar vandi steðjar að (Helga þykist þurfa að huga að eldinum). Einnig sýnir sagan hve manngæskan er launuð (dvergurinn þakkar Helgu þúsundfalt fyrir hve gjafmild hún var við barnið).

### Örfá minnisatriði

Í mörg söfn með úrvali ævintýra eru einungis valin ævintýri sem henta til upplestrar í barnaherberginu. Grófari ævintýrum er þá sleppt enda birtast okkur þar gjarnan svipmyndir sem mönnum hefur þótt erfitt að ræða. Ævintýrið af Helgu karlsdóttur greinir frá því að faðir leitar á dóttur sína. Þar kemur einnig fram að konur (í þessu tilviki mæðgur) eiga sér leyndarmál og búa yfir kunnáttu og tólum sem geta bjargað þeim úr neyð (hér er það alurinn). Í ævintýrum er með öðrum orðum oft tekist á við vandamál sem tengjast dekkri hliðum mannlífsins. Helga karlsdóttir er dæmi um stúlku sem ekki lætur kúga sig. Reyndar á hún ekki margra kosta völ eftir að hún fer að heiman og kannski má segja að hún neyðist til að fara að vilja Herrauðs. Við tökum eftir því hvernig móðirin heldur verndarhendi yfir dótturinni. Þetta minni þekkjum við t.d. vel úr öskubuskusögum.

Á sögu Helgu má m.a. líta sem sögu af brottför stúlku að heiman; undan valdi föðurins og á vald elskhugans sem að lokum (eftir allmiklar sviptingar) verður eiginmaður.

### Orðskýringar

*alur*: oddhasst áhald til að stinga með

*fela eldinn*: ganga þannig frá eldinum í arninum að glóðin lifi til morguns

*gegna*: (hér) svara

*fram af þessu*: eftir þetta

*sár*: kerald

*kukl*: galdrar; sjónhverfingar

*þussi*: þurs

### Stílfraeðileg atriði

1. *Nú kemur að því að kerling heldur að hún muni deyja. Kallar hún þá...*

Nefnið tvö atriði sem setja svip á stílinn.

[Hafið í því sambandi í huga tíðanotkun og orðaröð.]

2. *Þó mun ég gefa þér al þenna...*

Hér er stíllinn dálítið upphafinn, sbr. orðaröðina (nafnorðið á undan fornafninu); sbr. einnig fornlega beygingu fornafnsins. Finnið í lok sögu samsvarandi orðaröð.

3. Nú er Herrauður búinn að svíkja þig; hefur tröllskessa tælt hann til þess sem hann ætlar að eiga. Breytið orðaröð í seinni hluta málgreinarinnar þannig að merking verði skýrari. [Um er að ræða að færa sem-setninguna; einnig þyrfti að athuga hvort orðið *hann* í sem-setningunni ætti að vera í nf eða þf.]

4. Bendið á andstæður og hliðstæður.

5. Bendið á nokkur dæmi um þrítölu.

### Svör

- Þarna er beitt nútíð um liðna atburði (söguleg nútíð). Seinni málgreinin hefst síðan á sögn (sagnorði) eins og algengt er í sögum.
- „...og lýkur svo sögu þessari.“ (Hér stendur fornafnið á undan nafnorðinu.)
- „Nú er Herrauður búinn að svíkja þig; tröllskessa, sem ætlar að eiga hann, hefur tælt hann til þess.“
- Hliðstæður (tengjast hér orðapörum): „...með stórkostlegri gleði og glaum“; „nett og fögur“. Andstæður (tengist byggingu sögunnar): Ástkonur Herrauðs eru algerar andstæður.
- Veislan stendur í þrjá daga; þursinn er þríhöfðaður (o.s.frv.).

### Umræða

1. Oft er flagð undir fögru skinni. Ræðið ástarþríhyrninginn í ævintýrinu út frá nútímasjónarmiði. Hafa mætti í huga að í augum óléttrar stúlku, sem er svikin, er hin stúlkan flagð (tröllsekssa); þannig má líta táknrænt á söguna.

**Svar:** Sjá hér að ofan: Mikilvægt er að geta horft á þetta táknrænt. Sú sem dregur Herrauð á talar er „flagð“ í augum Helgu.

2. Hvaða hlutverki ætli öfugu skórnir gegni? (Tærnar snúa aftur!)

**Svar:** Öfugu skórnir skilja eftir sig spor sem sýna öfuga stefnu og villa þannig um fyrir skessunni.

3. Flettið upp á sögunni Blákápa í JÁ V:12–14 og bendið á líkindi við söguna af Helgu og sambærileg minni. Takið eftir hvað hjónin þar eru skyld og það þykir sjálfsagt!

**Svar:** Til álita kemur að fá hóp innan bekkjarins til að greina frá sögunni af Blákápu.

### Hugleiðing

Ímyndið ykkur að Helga sé íslensk nútímakona á miðjum aldri og skrifi endurminningar um fyrstu sambúðarárin.

### Efnisspurningar

- Bendið á tvo töfragripa og eitt töfradýr í ævintýrinu.
- Hvað varð til þess að dvergurinn og kona hans hjálpuðu Helgu?
- Hvaða mat át tröllskessan?
- Hvað hafði þursinn marga hausa?

### Svör

- Töfragripir: *alurinn* sem talar og *skikkjan* sem gerir Helgu ósýnilega; fuglinn klýfur hausana á þríhöfða þursinum.
- Gjafmildi Helgu: hún gefur barni þeirra gullhring.
- Mannakjöt og hrossakjöt.
- Þursinn hafði þrjá hausa.

## Tvær tilberasögur: *Tilbúningur tilbera og Tilberar*

---

**Kennarinn:** Það er margt skrítið í þjóðtrúnni. Þið hlustið nú á tvær sögur um tilbera, notkun hans og það hvernig tilberar voru búnir til og svarið síðan spurningunni: „Hvers vegna vildu konur eignast tilbera?“

Að loknum lestri þarf hugsanlega að hjálpa nemendum af stað. En kjarni málsins er sennilega sá að konur notuðu tilbera til að stela mjólk. Þannig fengu þær matvöru án þess að hafa neitt fyrir því. Að baki liggur draumurinn um að hafa nóg að borða án þess að þurfa að vinna (ókeypis heimsendingarþjónusta!).

En það fylgdi þessu framferði hættu. Það var auðvitað í óþökk kirkjunnar enda um e.k. galdur að ræða sem að hluta til fer fram í guðshúsi og tengist auk þess skemmdum á eigum kirkjunnar (koparklukka brotin). Þar að auki hefur þetta haft áhrif á líkamlega heilsu konunnar (hún verður hölt), og væntanlega er sálarheill hennar í veði.

Tilberinn virðist nærast á blóði konunnar (við þekkjum fleiri kvikindi sem eru blóðsugur, sbr. vampírir).

Við sköpun tilberans þurfa aðstæður greinilega að vera mjög sérstakar, sbr. það að hárið sem notað er þarf að vera af herðakambi á nýrúinni kind sem ekkja á. Og koparstykkinu þarf að stela á hvítasunnumorgni. (Hugmyndaflugi fólksins eru engin takmörk sett!)

## Tilbúningur tilbera

---

### Orðskýringar

*nýrúin kind:* kind sem nýbúið er að rýja, þ.e. taka ullina af

*verða til altaris:* ganga til altaris

*langi:* aftasti hluti meltingarfæra; ristill

*stafnstingast:* fara um með snúningi með því að stinga endunum niður á víxl

*leignasmjör:* smjör sem var greitt í leigu af landi; í þessu tilviki var sjörið greitt til stólanna, þ.e. biskupsstólanna.

### Efnisspurning

Hvers vegna settu konur krossmark í smjörið?

**Svar:** Konur settu kross á smjörið til að sanna að það væri ekki tilberasmjör (að þetta væri ekki stolin vara). Tilberasmjörið þolir ekki hið kristna tákn, krossmarkið.

## Tilberar

---

### Orðskýringar

*bergning:* það að bergja (smakka) á einhverju

*hvert þær vildu:* hvert sem þær vildu

*malir:* spjaldhryggur, lend klaufdýrs

*munna gjörð:* (mjög sjaldgæft orð) efsta gjörðin í strokknum

*strokur*: ílát úr tré til að strokka rjóma í (og búa til smjör)

*karmolar*: mylsna, smámolar

*forsending*: lífshættuleg sendiferð

*geld kýr*: kýr sem ekki mjólkar

*af illum rökum*: af illum uppruna

## Efnisspurningar

1. Hvað eru margir kjaftar á tilberanum?
2. Hvaða áhrif höfðu tilberar á kýrnar?
3. Hvað varð tilberanum að bana? (Í fyrri frásögninni er óðruvísi greint frá banameini tilberans.)

## Svör

1. Tveir kjaftar eru á tilberanum.
2. Kýrnar urðu geldar (það er auðvitað grafalvarlegt mál).
3. Hann þoldi ekki þrítöluna (sbr. heilaga þrenningu: faðir sonur og heilagur andi). Hann verður sem sagt að láta í minni pokann fyrir kristninni (sbr. líka það að tilberasmjörin fer í mola þegar krossmark er gert í það. (Í fyrri tilberasögunni er sagt að tilberar springi þegar þeir eru sendir á heiðar til að telja lambaspörð, huganlega af mæði en sennilega af því að þeir þola ekki þrítöluna, sbr. afréttirnar þrjár.)

## Umræða og öflun upplýsinga

1. Hvað er líkt með dóttur konunnar og Jóni í sögunni af Jóni Loppufóstra? (Í bókinni „Ég átti að verða prestskona“). Ræðið í þessu sambandi hvernig stundum er með kænsku hægt er að losna úr erfiðri klípu.

**Svar:** Dóttir konunnar sendi tilberann í erfiða ferð til að freista þess að losna undan honum (hún vildi ekki lifa sama lífi og móðir hennar hafði gert). Jón Loppufóstri sendi skessuna í langa og erfiða ferð til að losna úr greipum hennar. Í báðum tilvikum sýnir hetjan kænsku.

2. Finnið á vefnum upplýsingar um Jón biskup Vídalín og segið í framhaldi af því á hvaða öld sagan um bróður hans gerist.

**Svar:** Jón Þorkelsson Vídalín (1666–1720) var biskup í Skálholti, lærdómsmaður, mikill prédikari og helsta latínuskáld sinnar tíðar. Hann er þekktastur fyrir rit sitt Vídalínspostillu sem er húslestrarpostilla, með einni prédikun fyrir hvern hátíðisdag ársins, ætluð til upplestrar á heimilum. Postillan var ein mest lesna bók á Íslandi um tveggja alda skeið og hafði veruleg áhrif á íslenska menningu, trúarlíf og bókmenntir fram á 20. öld. Jón var, auk Hallgríms Péturssonar, einn helsti fulltrúi lútersku rétttrúnaðarstefnunnar (pietismans) á Íslandi.

Atburðir sögunnar hafa átt sér stað snemma á 18. öld.

3. Lesið smásöguna *Tilbury* eftir Þórarin Eldjárn (sjá smásagnasafnið *Ofsögum sagt*, lðunn 1981). Bendið á nokkur atriði sem Þórarinn nýtir sér úr þjóðsögum og þjóðtrú um tilbera.

**Svar:** Í sögu Þórarins Eldjárns birtast mörg þeirra atriða sem hér er talað um þótt aðstæður séu gjörólíkar. Rætt er um kirkjuferðir, athugasemdir sem tengjast læri aðalpersónunnar, rætt um dauða móður hennar, sem virðist hafa strokkað tilberasmjör; minnst er á krossmarkið o.s.frv. Mælt er með að hluti hópsins verði fenginn til að lesa sögu Þórarins og greina frá efni hennar.

## Af konu sem drýgði hórdóm við föður sinn

---

**Kennarinn:** Hér á eftir fer hrikaleg saga um mannlega illsku. Það sem verra er, slík illska sem hér er lýst er til enn þann dag í dag eins og heyra og lesa má um í fréttum nær daglega. Þið hlustið á þessa sögu og ræðið síðan í lokin um orsakir þess að konan breyttist í e.k. djöful í mannsmynd.

Eftir lesturinn mætti ræða um þann sem ber þyngstu sökina en það er faðir stúlkunnar.

### Örfá minnisatriði

Þessi saga sker sig úr öðrum sögum í þessu safni: Þetta er ekki þjóðsaga sem borist hefur milli kynslóða í munnmælum, heldur kristileg hugvekja um skammarlegt lífverni; henni er ætlað að leiða menn af braut freistinga og stórsynda. Jafnframt sýnir hún fram á óendanlega miskunn guðs, þ.e. ef menn eru tilbúnir að iðrast og játa syndir sínar. Sagan er rituð í Englandi og þýdd á íslensku á 15. öld.

Faðirinn á að sjálfsgöðu sök á upphafi harmsögunnar. En stúlkan forherðist síðan í glæpum sínum, og eftir að hafa brennt allar brýr að baki sér fer hún að lokum inn í kirkju til að lokka til sín 'viðskiptavini' í saurlifnaðinn. Þar er sett á svið 'einvígi' milli hinna tveggja andstæðu afla: guðs og kölska.

Í upphafi sögu er talað um að þetta sé „ævintýr“ en hafa ber í huga að á fyrri tímum var merking þess orðs mun víðari en nú tíðkast og táknaði 'stutta frásögn'. Það var ekki fyrr en með útgáfu þjóðsagna Jóns Árnasonar að ævintýri fékk þá merkingu sem nú er almenn, þ.e. töfrásaga sem endar vel (enska: fairy tale; þýska Märchen).

### Orðskýringar

*verndast*; líklega misritun fyrir *vendast*: breytast

*frygð*: (holdleg) ást, losti

*sonu*: gamalt þf. ft. af *sonur*

*sem svo hefir lengi fram farið*: þegar þetta hafði gengið lengi

*auvi*: vei, ó (móðirin harmar að hún hafi fæðst)

*fordjarfaður*: (hér) fordæmdur, vonlaus um sálhjálp

*í stað*: (hér) strax

*og hittir þar móðir sína* – Við tökum eftir að orðið *móðir* er ekki beygt samkvæmt nútímareglum (ætti að vera *móður* í þf).

*engi*: enginn

*vor frú*: María mey (hér: líkneski af henni)

*þeinkja* (*þenkja*): hugsa, velta fyrir sér (sbr. *think* á ensku)

*fyrirláta*: yfirgefa (sbr. *forlade* á dönsku)

*skriftir*: (hér) refsing

*helga land*: landið helga; Ísrael. Presturinn heimtar að maðurinn fari í pílgrímsferð til landsins þar sem Kristur var fæddur (kvikur) og líflátinn (dauður). Athygli vekur að forsetningin *til* virðist ekki stýra eignarfalli hér. Finnið fleiri dæmi í textanum þar sem forsetningar eða sagnir stýra öðrum föllum en við eigum að venjast.

*drafi*: svall; þvaður, blaður

*af láta*: láta af, hætta



*dára*: glepja, tæla

*sæng*: (hér) rúm

*vél*: svik, vélbrögð

*oflæti*: dramb, hroki, mikillæti í fasi og klæðaburði

*kostulegur*: (hér) dýrlegur

*kostur*: (hér) matur

*lærðir og leikir*: lærðir menn og ólærðir (sbr. orðið *leikmaður*: sá sem er ekki fagmaður eða sérfræðingur, óprestlærður maður)

*hvorki sparði hún lærðan né leikan*: hún sparaði ekkert við fólk sitt (sparði: forn þátíðarmynd af spara)

*helgi föstudagur*: (sennilega) föstudagurinn langi

*fló*: forn þátíð af *fljúga*

*festur* (kvk): festi

*heimullega*: leynilega

*fyrir guðskyld*: í guðs bænum

*skrifta*: (hér) leggja á ráðin um meinlætalið

*sermon*: (hér) guðspjónusta

*snart*: snarlega, fljótt

*Jesú Kristó*; nafnið er hér fallbeygt að latneskum hætti

*hvar fyrir*: og þess vegna

*skriftast*: (hér) játa syndir sínar; sögnin er hér í miðmynd

## Umræða og verkefni

1. Bendið á nokkur málfars-, beygingar- og stafsetningaratriði sem ekki samræmast nútímareglum. Hvernig munduð þið vilja breyta?

**Svar:** Hér er auðvitað af nógu að taka; textinn er gamall og engar samræmdar reglur til um málfar og stafsetningu þegar hann var saminn. (Dæmi: Hann var ríkur *mann*; þá ina (=hina) vænstu er verða mátti; holdliga (=holdlega); engi maður (=enginn maður); í þessum dauðligum syndum (=í þessum dauðlegu syndum) o.s.frv. Við tökum líka eftir hve oft eignarfornafnið kemur á undan nafnorðinu: hennar móðir o.s.frv. (erlend máláhrif).

2. Ræðið um athæfi stúlkunnar og vinkvenna hennar út frá nútímavandamálum (sbr. einkadansstaði og þess háttar). Hafa má í huga að þetta eru aðkomustúlkur á nýja staðnum.

**Svar:** Athæfi stúlkunnar og vinkvenna hennar gæti minnt á vændi nútímans, einkadans og fleira. Þær bjóða sig gegn greiðslu.

3. Hvað finnst ykkur um framkomu biskups við konuna og hina miklu miskunnsemi guðs sem lýst er í sögunni?

**Svar:** Það er nokkuð yfiringilegt hvað biskupinn leggur mikið á sig til að „bjarga“ stúlkunni úr greipum djöflanna. Það er eins og biskupinn leggi ofurkapp á að þessi raðmorðingi hljóti fyrirgefningu guðs með því að skrifna (og játa þar með syndir sínar). Manni finnst kannski að ekki sé hægt að fyrirgefa slíkt athæfi.

## Stílfraeðileg atriði

### 1. ...eina kvinnu...eina dóttur

Þessi orðaröð er eflaust undir erlendum áhrifum. En þess má geta að í þjóðsögum (og í daglegu máli) er fornafrnið gjarnan á undan nafnorðinu, t.d. í sambandinu: *það var einn dag...*

### 2. ...mætti aldrei til himnaríkis koma

hér er annað dæmi um erlend stílláhrif og flokkast það undir *lærðan stíl* (aðalsögnin aftast í setningu).

### 3. ...svo til orða takandi

og tók svo til orða. Þessi notkun lýsingarháttar nútíðar er einnig til marks um erlend stílláhrif.

### 4. ...fá nógra féлага

hér stýrir sögnin að *fá* greinilega eignarfalli, sbr. *hann fékk konunnar*.

Finnið nokkur dæmi um orðalag sem ykkur virðist undir erlendum áhrifum (sbr. t.d.: *ef ég kann hitta hana*).

### 5. ...rennir þann góði mann auga til hennar

Í hvaða falli stendur orðið þann? (Sbr. t.d. dönsku: *den gode mand.*); sjá líka *þann sama sál* í lok sögu [*þann* stendur greinilega fyrir *sá* í fyrra tilvikinu og *sú* í því seinna: nefnifall í báðum tilvikum!].

Bendið á andstæður í þessari sögu.

## Svör

Atriðin fimm væri gott að fara vel yfir með nemendum. Þau skýra sig sjálf. Andstæður setja vissulega svip á textann, sbr. gæsku móðurinnar og illsku föðurins. Sbr. einnig fjandann og guð; frelsun og glötun.

## Efnisspurningar

1. Hvers vegna vildi móðirin ekki vera lengur með manni sínum og dóttur?
2. Hvert hafði faðir stúlkunnar ætlað að fara um það leyti sem hann dó?
3. Hvers vegna gengu stúlkurnar til kirkju?
4. Hvaða sýn sá biskupinn þegar konan kom inn í kirkjuna?
5. Hvers vegna vildu 'viðskiptavinirnir' ekki fylgja konunni út úr kirkjunni?

## Svör

1. Af því að hún hafði komist að syndsamlegu líferni þeirra.
2. Hann hafði ætlað að fara í pílagrímsferð til landsins helga til að hreinsa sig af syndum sínum.
3. Til þess að ná sér í „viðskiptavini“, þ.e. til að tæla karla til að kaupa blíðu þeirra.
4. Biskupinn sér merkilega sýn: hann sér konuna hlekkjaða og í fylgd með djöflum (sem greinilega ætla að leiða hana til helvítis).
5. Vegna þess að þetta er helgur dagur, „hinn helgi föstudagur“, sem hlýtur að vera föstudagurinn langi. Mennirnir hafa ekki viljað stunda vændi á þeim degi.

## Nokkrar gamansögur úr safni Sigfúsar Sigfússonar

---

Þessar bráðskemmtilegu sögur þurfa varla skýringa við. Lagt er til að þeim verði dreift á nemendur sem síðan flytja þær eins og þeir kjósa sjálfir. Reynslan hefur sýnt að það getur verið stórskemmtilegt.

### Karlsauðurinn í sekknum

---

Þessi saga þarf ekki skýringa við: sérkennileg saga um ástarþríhyrning.

#### Örfá minnisatriði

Sagan lýsir í gamansömum tón sérstæðum ástarþríhyrningi. Eiginkona vill halda fram hjá manni sínum en sá sem hún elskar lætur manninn vita. Sá trúir engu illu upp á eiginkonu sína.

#### Orðskýringar

*vegna ásókn konunnar*

Hvaða falli stýrir forsetningin *vegna*?

Hvernig munduð þið þá orða þetta?

**Svar:** „... vegna ásókn konunnar.“ Hér ætti auðvitað að standa: „... vegna ásóknar konunnar.“ Spurning hvort forsetningin *vegna* stýrir þá þgf. í stað ef.; eða að orðið *ásókn* fái hér ekki beygingarendingu í eignarfalli.

*beitarhús:* fjárhús (langt frá bæjarhúsum þar sem vetrarheit er fyrir sauðféð)

*bráðdauður:* bráðkvaddur

*þú hefur mikils misst.* Hvaða falli stýrir sögnin að *missa* hér?

Flettið sögninni upp og kannið notkunarmöguleika hennar.

**Svar:** Sögnin *missa* stýrir hér eignarfalli: *missa mikils*. Þetta er vel þekki í nútímamáli, en oftast stýrir sögnin þolfalli: ég missti töskuna í gólfið.

*gírugur:* gráðugur

*fjárskipti:* skipting eigna

#### Umræða

1. Hvað er óvenjulegt við þessa sögu út frá spurningunni um kynferðislegt áreiti?

**Svar:** Það er kannski dálítið sérstakt að hér er það konan sem leitar á karlmann en ekki öfugt.

2. Ræðið hvað ykkur finnst um breytni vinnumannsins?

Var það rétt ákvörðun að segja bónda frá hegðun konunnar?

**Svar:** Nemendur svari þessu. En það er augljóst að vinnumaðurinn þarf helst að hreinsa sig af grun um að hann sé sá seki. Og þá er þetta auðvitað góð leið, þ.e. að fá fram örugga sönnun.

3. Hvað er best að gera þegar svona mál koma upp?

**Svar:** Þessu þurfa nemendur að svara. Væri ekki einhvers konar hjónabandsráðgjöf hugsanleg? En auðvitað hefur þetta verið vonlaust hjónaband og því kannski best að slíta því í hvelli.

#### Efnisspurning

Hver var sauðurinn í sekknum?

**Svar:** Eiginmaður konunnar var sauðurinn í sekknum.

## „Ertu svona litur, heilagur andi?“

---

Þetta er skemmtileg saga um ástæðulausa afbrýðissemi. Eiginmaðurinn er heimskur en fær þó bæði prest og djákna til að standa með sér á móti saklausri konunni.

Ádeila gegn klerkum og kirkju er kaldranaleg, sbr. einnig hið tvöfalda siðgæði prestsins.

### Örfá minnisatriði

Hér má sjá konu sem borin er þungum sökum. Þrír karlar reyna að klekkja á henni en hún lætur ekki bugast og tekst að hreinsa sig af áburðinum. Hér kemur fram það sem kalla mætti tvöfalt siðgæði: Presturinn vandar um við konuna og álasar henni fyrir sömu sakir og hann sjálfur virðist telja sig geta komist upp með. Ádeilan og háðið beinist hér gegn kirkjunni og kirkjunnar mönnum (djákninn virðist líka lifa ósiðsamlegu lífi).

### Orðskýringar

*svarri*: svarkur, skass

*gera léttahald úr e-m*: taka lítið mark á e-m

*skrifta e-m*: ávíta, vanda um við

*taka einhverjum tölur*: vanda um við einhvern

*eiga ráð á e-m*: ráða yfir e-m

*helgandi*: lh.nt. af *helga*: blessa

*borð*: (hér) fjöl, planki

*torkenndur*: torkennilegur, illþekktanlegur

*til staðins*: til staðar

*hægra*: hægara, auðveldara (sbr. orðasambandið hægur vandi)

*skirlífur*: hreinlífur

### Umræða

Ef ekki er jafnræði í hjónaböndum er hætt við að spenna myndist og verri hliðar fólks komi fram.

Ræðið í því sambandi upphaf sögunnar og endi (sbr. orðin svarri og vænsta kona).

**Svar**: Það að konan sé kölluð *svarri* (skass) í byrjun sögu (en vænsta kona í lok sögu) segir okkur að í vondu hjónabandi geta menn sýnt á sér verri hliðarnar. Þegar svo konan eignast annan mann er hún orðin allt önnur! (Aðstæður móta manninn. En þótt konan hafi verið skass var hún ekki lauslát!)

### Efnisspurning

Hvers vegna var konan alveg óhrædd við ávítur ‘heilags anda’?

**Svar**: Hún sá í gegnum svikin: hún sá að þetta var djákninn en enginn heilagur andi.

## Ráð matsjúku hjónanna

---

Þessi saga mundi sóma sér vel í dæmisögum Esóps! Hún lýsir í rauninni skammsýni manna og því hvernig þeim hefnist fyrir heimskulegt athæfi.

### Örfá minnisatriði

Líta má á söguna sem dæmisögu um það hvernig fer fyrir fólki sem breytir rangt gagnvart sjálfu sér og öðrum.

### Orðskýringar

*matsínkur*: nískur á mat.

Finnið eins mörg orð og þið getið yfir no *níska* og lo *nískur*.

**Svar:** Mörg orð eru til yfir nísku og það að vera *nískur* en blæbrigðamunur getur verið á þessum orðum, sum e.t.v. neikvæðari en önnur (naumur, matsjúkur, matsínkur, sínkur, aðsjáll, nirfilslegur, samansaumaður o.s.frv.).

*eta og borða*: Hugleiðið notkun þessara orða. Sumum finnst sögnin að *eta* (éta) óviðeigandi þegar um fólk er að ræða. En ef að er gáð sést að sögnin að *eta* (éta) er mjög algeng í gömlum textum, ekki bara þegar dýr eiga í hlut heldur einnig menn. Mæla má með að *eta* sé notað um dýr því að þau sitja ekki við borð!

*nauðpurft*: það sem nauðsynlegt er, frumpörf

*fara að forgörðum*: fara forgörðum, glatast, eyðileggjast

*eiga við matarskammt*: útdeila mat (til fólksins)

Hvaða falli stýrir so að *neyta*? Hvaða merkingarmunur er á *neyta* og *neita*? Beygið orðið *matur* í öllum föllum eintölu.

**Svar:** Sögnin *neyta* stýrir eignarfalli, sbr. *neyta matar* (skylt *njóta – naut – nutum*). Sögnin *neita* merkir allt annað (segja nei), og hún stýrir þágufalli: *neita sökinni*.

**matur** um **mat** frá **mat** til **matar**

*ganga aftur*, sbr. orðið *afturganga*

### Umræða

Ræðið hugtökin *sparsemi* og *níska* út frá þessari sögu.

**Svar:** *Sparsemi* er (yfirleitt) jákvæðrar merkingar; það telst kostur að fara vel með peninga, bruðla ekki, bera virðingu fyrir verðmætum. Menn lifa sparlega til að steypa sér ekki í skuldir. En *níska* er neikvætt hugtak.

### Efnisspurningar

1. Hvers vegna var óþarfi af hjónunum að minnka matarskammtinn við sig og aðra?
2. Hvers vegna drap smiðurinn bóndann?

### Svör

1. Hjónin voru rík. Þau höfðu enga ástæðu til að koma svona fram við vinnufólkið eða sjálf sig.
2. Hann hélt að bóndinn væri genginn aftur; hélt þetta væri draugur.

## „Er hún feit?“

---

Best er að byrja á að ræða söguna út frá einelti: Sigurður er lagður í einelti vegna þess eins að hann er fátækur! Sem betur fer fær hann uppreisn æru. Það er greinilegt að honum fylgja góðar vættir.

### Örfá minnisatriði

Hér er um einelti í skóla að ræða og má segja að betur fari en á horfðist. Skopið í sögunni tengist því að tvennum sögum fer fram, alveg óskyldum, sögunni af kirkjuferðinni og sögu af þjófum. Við tökum eftir því að kindur virðast vera hafðar á beit í kirkjugarðinum. Einnig sést að kerlingin virðist öll hressast við ævintýrið þarna um nóttina.

Að vissu leyti er þetta eins og ævintýri sem endar vel. Skólasveinninn er einfeldningur en vel innrættur eins og margar hetjur ævintýranna. Hann gerir sér t.d. enga grein fyrir því að þarna voru þjófar á ferð (hann hélt að þetta væru púkar).

### Orðskýringar

*karlæg*: sem liggur í kör

*niðurseta*: niðursetningur, sveitarómagi, einhver sem hreppsyfirvöld komu einhvers staðar fyrir til dvalar og borguðu með

*sáluhlið*: kirkjugarðshlið

*ári*: púki, illur andi

*gat lært út*: gat lokið námi sínu

### Umræða

1. Gæti einelti af því tagi, sem hér er lýst, viðgengist núna?

**Svar:** Einelti tekur á sig ótrúlegustu myndir. Það getur bitnað á hverjum sem er, hvenær sem er. Þess vegna þarf sífellt að vera á varðbergi gagnvart því og uppræta það; allir þurfa að hjálpast að við að útrýma því.

2. Aflið ykkur nánari vitneskju um niðursetninga og meðferð á þeim og berið saman við meðhöndlun á nútímafólki sem getur ekki séð um sig sjálft.

**Svar:** Nemendur geri þetta sjálfir. Höfum í huga að nú er sem betur fer reynt að aðstoða þá sem minna mega sín þannig að þeir geti haldið reisu sinni og lifað mannsæmandi lífi.

3. Hvers vegna voru það þjófarnir (en ekki skólapilturinn) sem sögðu frá atburðum sögunnar?

**Svar:** Svarið er einfalt: Hvorki Sigurður né gamla konan höfðu hugmynd um að þarna væru þjófar; þau héldu að þetta væru draugar.

4. Hvaða skýring gæti verið á því að konan fær máttinn að nýju?

**Svar:** Hugsanlega hefur konan bara þurft tilbreytingu. Það að komast undir bert loft getur eitt og sér hjálpað fólki sem legið hefur í fúlu lofti og sagga.

## „Farðu þangað sem fleiri fóru“

---

**Kennarinn:** Eftir að hafa hlustað á söguna, skuluð þið svara eftirfarandi spurningu: Hvaða orð lýsir sögunni best, þ.e. um hvað er þessi saga (Svarið með einu orði!).

Eftir lesturinn mun ekki standa á svarinu: Afbrýðissemi á háu stigi (en ástæðulaus).

Unga konan sem liggur undir grun kann ráð: Hún gerir manninn hlægilegan og hann sér villu síns vegar og vill nú allt fyrir hana gera, hann samþykkir að setjast að hjá þeim, sbr. lokaroðin: „... og gerði hann sem hún bað“.

Í „Örfáum minnisatriðum“ er tekið fram að foreldrarnir séu jákvæð gagnvart manningnum. Ástæðan er nokkuð augljós: hann er ríkur.

### Örfá minnisatriði

Gamansaga um afbrýðisemi. Biðillinn er afar tortrygginn en stúlkan stríðin og lætur hann ekki komast upp með barnalega hegðun sína. Sennilega verða menn að velta því fyrir sér hvað manningnum hafi þótt svona grunsamlegt við hljóðin í vefstólnum.

Fróðlegt er að athuga afstöðu foreldranna til aðkomumannsins.

### Orðskýringar

*allgildlegur:* (hér) mikils háttar

*fullkosta:* samboðin (til ráðahags). Um er að ræða óbeygjanlegt lo sem endar á *a* (sbr. gjafvaxta, ráðþrota o.s.frv.). Sama orðið kemur fyrir síðar í sögunni og virðist þá vera atviksorð og merkja: fullkomlega.

*skírlíf:* hreinlíf

*kljásteinn:* lóð á uppistöðu í vefstað (til að halda uppistöðunni strengdri). Reynið að finna mynd af vefstað (kljásteinavefstól), t.d. í *Íslenskri orðabók* (flettið upp orðinu vefstaður).

*átelja:* (hér) telja á, hvetja. Annars merkir sögnin að *átelja:* ávíta. En það á ekki við hér.

*færi þangað:* þ.e. flyttist til þeirra

*að raunalaus:* (hér) að ástæðulausu

*þau áttust:* þau gengu í hjónaband (sbr. so að *eiga*); hér er sögnin í miðmynd (eigast).

### Umræða

1. Nefnið ástæðu fyrir því að foreldrarnir vilja að dóttirin giftist manningnum.

Ræðið í því sambandi hvort heppilegt gæti verið að þör geri með sér samning um tiltekin atriði áður en þau ganga í hjónaband.

Nefnið möguleg dæmi um samningsatriði.

**Svar:** Eins og fram kom hér að ofan er ljóst að foreldrarnir eru fylgjandi því að ungi maðurinn eignist dóttur þeirra. Hann er auðgur! – Unga fólkið semur um tiltekinn hlut, þ.e. að ungi maðurinn setjist að hjá þeim. Samningar af þessu tagi eru eflaust heppilegir og geta komið í veg fyrir kreppu í hjónabandi. Gott dæmi er einmitt búseta, en fjölmargt annað kemur til greina.

2. Ræðið um aðferðir til að venja fólk af vondum siðum.

**Svar:** Aðferð stúlkunnar er vænleg til árangurs: að hæðast að viðkomandi, gera hann hlægilegan. Þessi aðferð kostar t.d. ekki æsing og rífrildi.

## Efnisspurning

Hvað sagðist biðillinn vera hættur við og hvers vegna?

**Svar:** Hann sagðist vera hættur við að ganga í hjónaband með stúlkunni af því að hún væri ekki hrein (hún hefði verið í ástarleik inni í herbergi og m.a. talað um að hún hefði verið með mörgum).

## Hugleiðing

Lýsið hugsunum stúlkunnar þegar hún ákveður að stríða tortryggna manninum.



## Póstferðin

---

**Kennarinn:** Þið hlustið á þessa sögu og svarið síðan eftirfarandi spurningu: „Hvers vegna ætli pósturinn hafi ekki komið aftur til að hitta stúlkuna?“

Eftir lesturinn má ræða þetta aðeins. Stúlkan virðist hafa verið hrifin af póstinum (hún rekur hann ekki úr hengirúminu). En hugsanlegt er að póstinum hafi þótt skömm sín svo mikil að hann hafi alls ekki viljað sýna sig aftur á þessum bæ. Vinnukonan hefur e.t.v. ekki haft nein tók á að komast burtu. Kannski hefur bóndinn eignast hana fyrir konu (það kemur ekki fram hvort hann hafi verið kvæntur). Hvað sem öðru líður: þetta er neyðarleg en bráðfyndin saga af mislukkuðum ástarleik í bland við afbrýðissemi.

Eins og fram kemur í „Örfáum minnisatriðum“ er rétt að benda á *háðið* í sögunni. „Póstferðin“ er titill sögunnar og lýsir ferðalagi póstsins upp í hengirúmið. Samanburðurinn við árás á herskip (dreka) gerir þetta enn hlægilegra.

### Örfá minnisatriði

Í þessari sögu er vísað í ævintýri á írónískan hátt þar sem prinsessur voru í meyjaskemmmum, vel vörðum. Þannig verður háðið beittara. Tala mætti hér um vísun (í ævintýri) og jafnvel skopstælingu. Einnig er dregin upp mynd af hermanni sem reynir að ná valdi á herskipi. Titill sögunnar, Póstferðin, ýtir undir háðið og kímna í sögunni. Sama gerir stíllinn, sbr. hið upphafna orðalag: En er hann hafði lítt þar verið varð brestur hár (verið er að lýsa bröltinu í kojunni).

Það er látið liggja að því að bóndinn eigi vingott við vinnukonuna; hann er a.m.k. afbrýðisamur út í póstin. Þannig mætti tala hér um ástarþríhyrning en einnig má segja að bóndinn sé í hlutverki kóngs (afbrýðisams föður) sem vill gæta þess að enginn nái ástum dóttur hans.

### Orðskýringar

*baðstofa*: aðalvistarveran í torfbænum (svefn- og vinnustaður fólksins)

*saumur*: naglar (tengjast oft bátasmíði)

*dreki*: (hér) herskip (hangandi rúmið gæti minnt á skip)

*varðingi*: varðmaður

*eða ertu að fara í gegnum sjálfan þig*; bóndinn á við e.k. sveiflu á slá eins og um fimleika sé að ræða.

*flýta sín*: flýta sér; sennilega er hér um að ræða austfirsku málvenju eða afbrigði.

### Stílfraeðileg atriði

1. Það kallast úrdráttur (*understatement*) þegar dregið er úr fullyrðingum. Oft er það gert með neitun eins og hér: „Eigi er þess getið að reynt væri að bola honum ofan.“ Þetta merkir í rauninni: „Honum var vel tekið í hengirúminu.“

2. Bendið á nokkur atriði sem tengjast háði í þessari sögu. Bendið jafnframt á niðrandi orð (gildishlaðið) sem viðhaft er um stúlkuna.

**Svar:** Um háðið var getið hér að ofan. Það er fólgið háð í titli sögunnar (póstferðin er sneypuför). Samanburðurinn við ævintýrin og kóngsdætur er einnig háð því hér er bara um venjulega íslenska vinnukonu að ræða. Það að kalla póstin „hetju“ er líka háð því sannarlega er ekkert hetjulegt við framferði hans. Eins er orðalag textans að vissu leyti í stíl hetjusagna og ýtir það undir háðið.

Um stúlkuna er haft orðið „stúlkuskepna“ sem er niðrandi orð (það er reyndar einhver meðaumkun fólgin í orðinu í þessu samhengi).

## Efnisspurningar

1. Hvers vegna var rúmið fest upp? Nefnið tvær ástæður.
2. Náði 'prinsinn' í 'prinsessuna' í þessari sögu?

## Svör

1. Það var lítið pláss í baðstofunni (*rúmlítið*), en auk þess vildi bóndinn gera það sem hann gat til að hindra það að pósturinn færi upp í til vinnukonunnar.
2. Svo virðist ekki vera. Þetta ýtir undir húmorinn og háðið, því í ævintýrunum endar yfirleitt allt með giftingu.

## Magálssaga

---

**Kennarinn:** Þið hlustið á söguna og nefnið síðan dæmi um nísku bóndans.

Eftir lesturinn munu menn sennilega nefna það að bóndi hafi talið magálana á hverju kvöldi af hræðslu við þjófa. Einnig má nefna að hann borgaði lítið kaup og var harður við vinnufólkið.

### Orðskýringar

*bústuðull:* stoð og stytta búsin

*vann á móti tveimur:* vann á við tvo

*hin örasta;* sbr. lýsingarorðið *ör:* (hér) örlátur, gjafmildur

*magáll:* slög, kviðvöðvar, oft reyktir eða súrsaðir

*verðgangur (vergangur):* flakk beiningamanns

*móhlaði:* móhraukur (mór var notaður til eldsneytis)

*enda loforð:* efna loforð

*jöfnuðu sig upp:* bættu hvort annað upp

### Umræða

Hvaða lærdóm mætti draga af þessari sögu?

Styðjast mætti við hugtök eins og skynsemisskortur, metnaður, hroki, óhóf, níska, harðneskja, málamiðlun.

**Svar:** Ræða má um skynsemisskort og hroka gamla bóndans að vilja ekki gefa vinnumanni dóttur sína. Hann missir þennan góða vinnukraft – og búið endar í skuld. Níska yngri bóndans er áberandi og verður hún til þess að hann missir vinnufólk og bústýrur. Stúlkan er andstæða vinnumannsins; hún er örlát um of og tapar öllu. Lærdómurinn gæti því verið sá að menn verða að gæta skynsemi og hófs. Að lokum upphefja nískan og örlætið hvort annað og jafnvægi og hamingja skapast. Þetta er saga um leit að jafnvægi.

### Efnisspurningar

1. Hvers vegna fór búskapurinn að ganga illa hjá föður stúlkunnar?
2. Hvaða loforð var stúlkan komin til að efna?
3. Að hvaða leyti bæta ungi bóndinn og bóndadóttirin hvort annað upp?

### Svör

1. Búskapurinn fór að ganga illa hjá bónda þegar duglegi vinumaðurinn fór.
2. Hún er komin til að efna gamalt loforð: Hún hafði heitið honum ást sinni mörgum árum áður.
3. Hann lætur af nísku sinni og hún gætir hófs í örlæti sínu; bæði hafa lært af fyrri mistökum. Þau „bæta hvort annað upp“. Er það ekki óskadraumurinn í hjónaböndum?!

## Getnaðarsaga

---

**Kennarinn:** Þið hlustið á þessa sögu og svarið síðan eftirfarandi spurningu: „Hvað finnst ykkur óeðlilegt við kröfur karlsins?“

Að loknum lestri má ræða þetta. Karlinn er greinilega nokkuð heimskur; það er eins og hann geri sér ekki grein fyrir því að hann kunni sjálfur að eiga sök á barnleysinu. Þetta er í aðra röndina saga um heimsku eða fáfræði.

Svo snýst sagan upp í skemmtisögu, kímilega sögu. Víða í ævintýrum er sambærilegt efni tekið fyrir í alvarlegra samhengi, þ.e. löngunin til að eignast barn. Þá er silungurinn gjarnan étinn hrár. Það mætti semsagt tala um *minnið um silunginn og þungunina* og það að fara þurfi nákvæmlega að fyrirmælum þjargvættarins. Hér bætist svo við óttinn um að barnið verði ekki fullkomlega heilbriggt eða rétt skapað.

### Örfá minnisatriði

Hér birtist á skemmtilegan hátt áhyggjuefnið að geta ekki átt barn. Algengt er í ævintýrum að konu sé sagt að borða silung vilji hún verða þunguð. Þar er þá yfirleitt um að ræða að gleypa hann hráan og lifandi.

Bláklædda konan er sögð álfkona en þess má geta að María mey er einnig oft bláklædd í sögum.

Kímnin liggur m.a. í því að karlinn er settur í hlutverk konu.

### Orðskýringar

*óbyrja:* kona sem getur ekki eignast barn

*hitta sjálfan sig fyrir:* hefnast fyrir (eitthvað)

*inna:* (hér) skýra frá, greina frá

*p...:* penis, getnaðarlimur

### Stílfraeðileg atriði

Stíllinn er hér víða knappur. Stuttar málsgreinar geta gefið frásögninni tilfinningu um hraða: Allt gerist hratt og hvergi dvalið við útdúru. Þannig vinnur stíllinn með efni sögunnar.

*Fæddi kerling barn... Þá var læknir sóttur.*

Bendið á fleiri dæmi um knappan stíl í þessari sögu og gamansögunum hér á undan úr safni Sigfúsar Sigfússonar. Ræðið ofangreindar setningar út frá hugtökunum *aðalsetning*, *frumlag*, *umsögn*, *orðaröð*, *atviksliður*.

**Svar:** Í setningunum „Fæddi konan barn.... Þá var læknir sóttur“ er *sjálfgefinni orðaröð* vikið aðeins við. Umsögnin *fæddi* stendur fremst en frumlagið kemur á eftir. Í setningunni „Þá var læknir sóttur“ er *atviksliðurinn* í fyrsta sæti, umsögn (fyrri hluti hennar) í öðru og síðan frumlagið og seinni hluti umsagnarinnar. Það er reyndar mjög eðlilegt að hana atviksliðinn (eða forsetningarliðinn) fremst.

### Umræða

1. Bendið á atriði sem lýsa karllægum sjónarmiðum í sögunni; rökstyðjið jafnframt að líklegra sé að konur segi svona sögur en karlar.

**Svar:** Karlinn skellir skuldinni algjörlega á konuna. Konan eldar matinn. Líklegt er að konur hafi sagt söguna enda er karlinn gerður afar hlægilegur.

2. Rökstyðjið að sagan sýni að konur standi gjarnan saman gegn valdi karla.

**Svar:** Kona (huldukona) gefur húsfréyjunni góð ráð. Konur eiga greinilega sín leyndarmál sem karlarnir fá ekki að vita um.

3. Ræðið þá fullyrðingu að hollur matur geti haft áhrif á frjósemi.

**Svar:** Silungurinn er nýmeti. Hugsanlega hefur þessi holla fæða hjálpað konunni. Hollt fæði og ágæti þess hefur enn lækningamátt!

## Hópverkefni

Hver hópur velur eina af sögum Sigfúsar og leikgerir svipmyndir úr þeim. Sögumaður tengir svipmyndirnar. Hafa má í huga að hver hópur getur beitt látbragði og þöglum hópsenum. Til greina kemur að hafa tónlist í bakgrunni.

Eins og að framan er sagt er mælt með þessari hugmynd að hópverkefni. Hún hefur verið raungerð í skólum (t.d. í Vogaskóla) og gengið mjög vel!

## Efnisspurningar

1. Hvers vegna vantaði annað eyrað á barnið?
2. Berið þessa sögu saman við sögurnar hér á undan úr safni Sigfúsar og athugið hvort eitthvað yfirnáttúrlagt sé að finna þar. Hvað er yfirnáttúrlagt við þessa sögu? Hafa má í huga að í flestum þjóðsögum er skýrt frá einhverju yfirnáttúrlegu efni. En það er helst að sumar kímnisögur séu undantekning frá þeirri 'reglu'.

## Svör

1. Vegna þess að konan át ekki annan eyruggann á silunginum.
2. Í magálssögunni er ekkert yfirnáttúrlagt. En í *Getnaðarsögu* er frásögnin um jóðsótt mannsins utan við allan raunveruleika. Það að konan skyldi eignast barn er aftur á móti ofur eðlilegt! Einnig heimsókn bláklæddrar konu! (Venjulegar konur geta verið bláklæddar!)

## Marbendill, sjódvergur

---

**Kennarinn:** Þið hlustið á þessa sögu og svarið síðan eftirfarandi spurningu: „Hvernig stríðir marbendill fiskimönnum stundum á miðunum?“

Svarið við spurningunni felst í lokaorðum sögunnar: Hann leysir önglana af færinu nema þeir séu bundnir á sérstakan hátt (hnúturinn liggir í kross: greinilega ræður marbendill ekki við *krossinn!*).

Hér mætti ræða um aðaleinkenni marbendilssagna: þær lýsa heimsku mannsins sem t.d. skynjar ekki velvild hundsins og áttar sig ekki á ótryggð konu sinnar. En auðvitað má segja að ekki sé hægt að ætlast til að bóndinn viti um féð undir þúfunni. Hér mætti fremur tala um mannleg takmörk: við sjáum ekki gegnum holt og hæðir (eins og marbendill virðist gera).

Skemmtileg er frásögnin af skónum og lýsir hún þeim gamla vanda hvað skór entust illa; jafnframt lýsir hún því á kaldhæðinn hátt að lífdagar bóndans séu brátt taldir.

Lagt er til að nemendur læri romsuna. „Tuggið járn ...“ o.s.frv. Það er mikill hljómur í henni og kynngikraftur.

### Örfá minnisatriði

Margar sögur eru til af marbendlum, bæði á Íslandi og í nágrannalöndum, og þær tengjast gjarnan fiskimiðum og veiðiskap. Í bókinni Þjóðsögur við sjó eru m.a. marbendilssögur frá Færeyjum og Noregi og er fróðlegt að bera þær saman við íslensku sögurnar. Segja má að eftirfarandi sögur séu nokkurs konar dæmisögur um heimsku mannsins: hann áttar sig ekki á nánasta umhverfi sínu, hann er misvitur, sbr. málsháttinn í fyrri sögunni: Margur villist þó vís þykist. Það vekur athygli að enda þótt sögurnar tvær séu í aðalatriðum eins er endirinn gjörólíkur. Þannig geta munnmælasögur tekið ólíka stefnu og gæti það tengst ástandi og aðstæðum sögumanna og jafnvel þjóðarinnar á hverjum tíma: stundum er allt heldur dimmt og dapurlegt en stundum er bjartara umhorfs í sálinni og umhverfinu.

Athyglisverð er þula marbendils um öngulinn og beituna, ekki síst það sem segir um mannakjötið. Við veitum því eftirtekt að þessi þula inniheldur bæði stuðla og rím. Skemmtilegt gæti verið að læra slíka romsu utanbókar og flytja frammi fyrir hóp. – Drunginn í þessari marbendilssögu tengist þó einkum orðum marbendils um skóna því að yfir þeim orðum hvílir skuggi dauðans.

### Orðskýringar

*lystug:* (hér) fjörug, kát

*hústrú:* húsfreyja

*í ferðinni nauðugur borinn:* þ.e. hann (marbendill) hafði verið tekinn með valdi

*svartaskór:* vandaðir dökkir skinnskór

*en með öngvum kosti elligar:* en alls ekki annars

*jóra mæði:* (sennilega) andardráttur hests

*griðungsvaður:* reipi út nautshúð

*fúarn (fóarn):* neðri hluti fuglsmaga

*flyðra:* lúða

*fráleitur skal fiskimanns öngull:* oddbugurinn á önglinum skal sveigður til hliðar

*utan í kross liggir hnúturinn:* nema hnúturinn liggir í kross

## Stílfraeði

Finnið tvo málshætti í sögunni. Hvaða stílfraeðileg atriði má sjá í þeim báðum?

**Svar:** *Margur villist þó vís þykist. Og: Fráleitur skal fiskimanns öngull.*

Í báðum þessum málsháttum kemur fram stuðlun.

Við tökum eftir að í upphafi sögu er talað um „gamlan málshátt“: „Þá hló marbendill“. En þetta er ekki málsháttur í okkar skilningi því að málsháttur þarf að segja fulla hugsun og geyma einhverja speki.

## Umræða

Fépúfur birtast víða í þjóðsögum og eru til vitnis um drauminn um skjótan gróða. Gaman væri að láta nemendur finna eina eða tvær sögur sem sýna hvernig þetta minni getur birst í afar ólíku samhengi. (Það má finna þessar sögur með því að fara í atriðisorðaskrána í þjóðsögum Jóns Árnasonar VI:274.)

## Efnisspurning

Hvað þurfti bóndi að gera til að fá marbendil til að veita meiri vitneskju?

**Svar:** Bóndi þurfti að skila marbendli aftur á þann stað þar sem hann hafði veitt hann.

## Þá hló marbendill

---

**Kennarinn:** Þið hlustið nú á söguna og svarið síðan eftirfarandi spurningu: „Hvað varð um hjónabandið?!“

Eftir lesturinn má ræða hið ósagða í þessari sögu og í öðrum sögum. Það kemur ekkert fram um hjónabandið; lesandanum er ætlað að ráða í afdrif þess.

### Örfá minnisatriði

Í þessari sögu birtist draumurinn um ríkidæmi. Bjartsýni ríkir og endirinn er farsæll, a.m.k. að nokkru leyti.

### Orðskýringar

*að annarri jafnlengd:* á sama tíma ári síðar

*mið:* fiskimið

*og hefir hún framhjá þér:* hún heldur framhjá þér

### Umræða

Berið saman sögurnar tvær.

Hvað er ólíkt með marbendlunum tveimur?

Hver er aðalmunur sagnanna?

**Svar:** Kjarni sagnanna tveggja er sá sami (*sama aðalminnið*). En endirinn er gjörólíkur því að önnur sagan endar vel en hin illa. Í seinni sögunni er ekkert um skóna. Í henni dvelur marbendill lengur hjá bónda. Í fyrri sögunni eru upplýsingar um hjátrú sem tengist veiðskap. Seinni sagan er einfaldari í byggingu, mjög knöpp og engu ofaukið. Þar segir marbendill t.d. ekkert um heimskuna; lesandanum (áheyrandanum) er ætlað að draga sjálfur þá ályktun.

Í fyrri sögunni talar marbendill meira. Að öðru leyti virðast þeir afar áþekkir. Fyrri marbendillinn spáir um framtíðina (dauða bónda), hinn ekki.

Aðalmunurinn liggur í sögulokunum. Í fyrri sögunni fréttir bóndinn af yfirvofandi dauða. Í seinni sögunni endar bóndinn sem auðugur maður (og losar sig væntanlega við sína svikulu konu).

### Efnisspurningar

1. Hvað var marbendill lengi hjá bónda?
2. Hvað varð um hjónaband mannsins?!

### Svör

1. Um það bil ár.
2. Það kemur ekki fram, en líklegt má telja að hjónabandið hafi farið út um þúfur.